

Fréttapistill frá forseta Íslands

20. janúar 2020

Snjóflóðin á Flateyri og í Súgandafirði eru ofarlega í huga fólks þegar nýliðin vika er rifjuð upp, auk annarra áfalla sem dundu yfir. Blessunarlega varð ekki manntjón vestra og nú má biðja þess að allt fari eins vel og mögulegt er eftir slys síðustu daga.

Í minni dagskrá þar þetta m.a. til: Á mánudaginn var tók ég á móti miklum garpi, Fiann Paul. Um jólaleytið vann hann það mikla afrek að róa með fimm öðrum ræðurum milli Suður-Ameríku og Suðurskautslandsins. Fiann var þar fyrirliði og hefur hann áður róið yfir önnur heimsins höf, Atlantshaf, Indlandshaf, Kyrrahaf og Norður-Íshafið. Með þessu síðasta afreki tókst honum því fyrstum manna að svokallaðri alslemmu úthafsróðra (á ensku „Ocean Explorers Grand Slam“) og státar hann nú af fleiri heimsmetum í sínum geira í metaskrá Guinness en nokkur annar. Fiann Paul er fæddur í Póllandi en hefur búið á Íslandi í rúman áratug og rær undir íslenskum fána. Með honum í för á Bessastöðum var Eygló Arnardóttir, þjálfari hans við komuna hingað til lands og jók með honum þá trú að hann gæti tekist þessar þolraunir á hendur.

Miðvikudaginn 15. janúar sendi ég kveðju vestur á firði, eftir snjóflóðin miklu sem ollu stórtjóni á Flateyri. Á reglubundnum fundi með forsætisráðherra þennan dag fræddi Katrín Jakobsdóttir mig um fund hennar með almannavörnum í samhæfingarmiðstöðinni í Skógarhlíð þann dag og þær upplýsingar sem þar komu fram. Miklar þakkir eiga þeir skilið sem björguðu stúlkunni ungu, Ölmú Sóleypju Ericsdóttur Wolf. Ég sendi góðar kveðjur til allra vestra og leyfi mér að nefna sérstaklega Önnu Sigríði kennslustjóra við Lýðskólann á Flateyri (og móður Ölmú), Ingibjörgu Guðmundsdóttur skólustjóra auk annars starfsliðs og nemenda skólans. Þau tóku afar vel á móti mér þegar ég heimsótti skólann í lok nóvember í fyrra. Á mynd, sem fylgir þessum pistli, er ég í viðtali við einn nema Lýðskólans við það tilefni, að ræða um mína forsetatíð og minnisstæð atvik síðustu ára.

Daginn eftir sótti ég samverustundir vegna flóðanna nú og þeirra sem dundu yfir Flateyri og Súðavík fyrir aldarfjórðungi. Í Lindakirkju í Kópavogi stóð Önfirðingafélagið fyrir viðburði þar sem Flateyringar og aðrir komu saman, fundu styrk í samstöðu og samkennd og hlýddu á ávörp, bænir og fallegan tónlistarflutning. Við snjóflóðin á Flateyri í síðustu viku rifjuðust vitaskuld upp hamfarirnar haustið 1995 þegar 20 manns létust í flóðinu sem þaut þá yfir byggðina. Ég mælti nokkur orð á þessari samverustundu og sagði m.a.:

„Við búum í harðbýlu landi. Við höfum búið í harðbýlu landi í meira en þúsund ár og við erum ekki á förum, sjálfstæð þjóð og dugleg, þrjósk og það hefur komið sér vel. Við höfum þurft að þola hvers kyns hamfarir og slys, skriðuföll og snjóflóð, jarðskjálfta og jarðelda, mannskaða á sjó og landi. Hafið og fjöllin geta valdið miska og sorg, en hafið og fjöllin laða sömuleiðis. Eða er það kannski fólkið – fólkið á þessum stað? Já, það er fólkið á þessum stað – fólkið á Flateyri, fólkið í Súðavík og annars staðar vestra, fólkið hér syðra, fólkið um allt land. Samstaða og samkennd

fleytir okkur svo langt. Við búum í harðbýlu landi, já, en landið er líka ljúft, eins og mannfólkið að fornu og nýju. Ein elsta rúnarista sem fundist hefur hér er nær þúsund ára gömul. Þar má greina eitt orð vel. Það orð er ást.“

Að kvöldi dags var minningarstund í Guðríðarkirkju í Reykjavík. Þar var þess minnst að réttur aldarfjórðungur var þá frá snjóflóðinu í Súðavík sem varð 14 manns að aldurtila. Þessi kvöldstund var virðuleg og lofsverð. Fólk hittist og fann í því styrk. Á báðum stöðum, Lindakirkju og Guðríðarkirkju, flutti Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands bæn og vænti þótti mér að Vigdís Finnbogadóttir sótti samverustundirnar. Hún var mörgum stoð og stytta eftir snjóflóðin á Vestfjörðum 1995, eins og fólk gat nú rifjað upp og þakkað.

Á föstudaginn var sótti ég svo kynningu í Háskólanum í Reykjavík á verkefni Planet Youth sem rannsóknasetrið Rannsóknir og greining stendur að. Planet Youth er heiti á samstarfi um 250 sveitarfélaga í 30 löndum um forvarnir sem miða að því að draga sem mest úr notkun unglunga á tóbaki, áfengi og öðrum fíkniefnum. Þar er horft til þess mikla árangurs sem Íslendingar hafa náð á þessu sviði á undanförunum árum og hefur víða vakið athygli. Eftir kynninguna ræddi ég við forvarnarfulltrúa frá um 15 sveitarfélögum sem vinna að þessu verkefni á Íslandi og má sjá þann hóp á mynd hér að neðan.

Í fyrradag lá leiðin til Danmerkur og í gær náði ég að fylgjast með sætum sigri strákanna okkar á sterku liði Portúgala á Evrópumótinu í handknattleik. Fátt er eins hressandi og þegar Kári Kristján „Heimaklettur“ hefur mann á loft í gleði og fjöri að sigurleik loknum. Á mynd að neðan erum við Patrekur bróðir minn sigurreifir. Ég óska liðinu frekari velfarnaðar og öllum öðrum sömuleiðis sem gera garðinn frægan undir merkjum Íslands. Ætíð yljar það manni um hjartarætur að kyrja lag Óðins Valdimarssonar, „Ég er kominn heim“, í leikslök. Á fimmtugsafmæli mínu í hittifyrri sýndu Fjallabræður mér þann heiður að halda á Bessastaði og syngja þar nokkur lög. Sá fríði flokkur er að vestan, margir drengjanna í björgunarsveitum þar. Hér má heyra og sjá söng þeirra og hvet ég alla, sem á því að hafa tæk, að styrkja mannúðar- og björgunarstörf í sinni heimabyggð eða á landsvísu:

<https://www.facebook.com/embaettiforseta/videos/1045821962234990/>